

# Viðhorfskönnun hjá starfsfólki í grunnskólum á Akureyri

Ingólfur Ármannsson  
Trausti Þorsteinsson



Akureyri, nóvember, 2006

# **Viðhorfskönnun hjá starfsfólki í grunnskólum á Akureyri**

Ingólfur Ármannsson  
Trausti Þorsteinsson

Akureyri  
Nóvember, 2006

## Efnisyfirlit:

1.	Inngangur .....	4
2.	Aðdragandi könnunarinnar og framkvæmd .....	5
3.	Niðurstöður .....	7
3.1.	Skólinn sem vinnustaður kennara .....	7
3.2.	Aðbúnaður nemenda og aðstæður .....	9
3.3.	Stjórnun og þátttaka kennara .....	10
3.4.	Faglegt starf .....	11
3.5.	Erfið málum í skólunum .....	12
3.6.	Vinnuaðstaða kennara .....	13
3.7.	Endurmenntun kennara .....	15
3.8.	Innri stuðningur og sjálfsmat skólanna .....	16
3.9.	Utanaðkomandi þjónusta fyrir skólana .....	16
3.10.	Skólastefna sveitarfélagsins .....	18
3.11.	Tengsl við foreldra .....	19
3.12.	Kennsluhættir .....	22
3.13.	Einelti hjá kennurum .....	23
4.	Samantekt og umræða .....	26
4.1.	Samánburður við fyrri viðhorfskönnun .....	27
4.2.	Að taka afstöðu .....	28
5.	Fylgiskjal .....	29

## Töflur

Tafla 1 Skólinn sem vinnustaður kennara.....	7
Tafla 2 Viðhorf kennara til starfsaðstæðna nemenda í skóla.....	9
Tafla 3 Stjórnun og þátttaka kennara.....	10
Tafla 4 Nýjungar og þróun.....	12
Tafla 5 Hvernig haldið er á erfiðum eða viðkvæmum málum.....	12
Tafla 6 Vinnuaðstaða kennara.....	14
Tafla 7 Ráðgjöf og sjálfsmat.....	16
Tafla 8 Utanaðkomandi þjónusta.....	17
Tafla 9 Tengsl við foreldra.....	19
Tafla 10 Aðkoma að kennslunni.....	23
Tafla 11 Einelti hjá kennurum.....	24
Tafla 12 Kulnun í starfi.....	24

## Myndir

Mynd 1 Opin samskipti - skipting eftir því hvar kennt er.....	8
Mynd 2 Opin samskipti - skipting eftir kynjum.....	8
Mynd 3 Hlutdeild í mikilvægum ákvörðunum - skipting eftir starfsaldri.....	11
Mynd 4 Tekið á málum af festu - skipting eftir því hvar kennt er.....	13
Mynd 5 Ánægja með vinnuaðstöðu - skipting eftir því hvar kennt er.....	15
Mynd 6 Tækifæri til endur- og símenntunar.....	15
Mynd 7 Sérfræðiþjónusta bregst fljótt við aðstoð - skipting eftir því hvar kennt er ...	18
Mynd 8 Skýr skólastefna sveitarfélagsins.....	19
Mynd 9 Foreldrar sýna samstarfi áhuga - skipting eftir því hvar kennt er.....	20
Mynd 10 Ánægjulegt samstarf við foreldra - skipting eftir því hvar kennt er.....	21
Mynd 11 Vilja meiri þátttöku foreldra - skipting eftir því hvar kennt er.....	21
Mynd 12 Hraðari umbætur með aukinni þátttöku foreldra - skipting eftir starfsaldri.....	22
Mynd 13 Hrósi til kennara.....	25

# 1. Inngangur

Könnun á viðhorfi kennara í grunnskólum á Akureyri var framkvæmd í samvinnu Skóladeildar Akureyrarbæjar og Skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri. Könnunin lýtur í meginatriðum að viðhorfi kennaranna til starfs og starfsaðstæðna í skólunum. Spurningalistar voru lagðir fyrir starfsfólk í maí 2006. Skólaþróunarsvið kennaradeildar HA annaðist úrvinnslu úr svörum og fékk Ingólf Ármannsson, fv. skóla- og menningarfulltrúa Akureyrarbæjar til þess verks.

Framkvæmd könnunarinnar var í stórum dráttum þannig:

- Könnunin var lögð fyrir alla kennara grunnskólanna.
- Við könnunina var notað forritið Glerverk og öllum kennurum ætlað að svara spurningunum í tölvuforritinu.
- Hver skóli skipulagði framkvæmd könnunarinnar hjá sér, eftir aðstæðum á hverjum stað.

Helstu niðurstöður úr könnuninni koma fram hér á eftir í þessari skýrslu. Vonast er til að þær geti orðið gagnlegar í þróunar- og umbótastarfi skólamála í bæjarfélaginu.

Akureyri septmeber 2006

Trausti Þorsteinsson  
Forstöðumaður  
Skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri

## 2. Aðdragandi könnunarinnar og framkvæmd

Í skólustefnu Akureyrarbæjar segir að nám í skólum bæjarfélagsins skuli hvíla á fjórum hornsteinum þekkingu, leikni, virðingu og vellíðan. Áhersla er lögð á jafnan rétt til náms þar sem fjölbreyttar kennsluáðferðir eru nýttar til að mæta mismunandi þörfum nemenda. Markmið skólanna er að leggja grunn að farsælli framtíð barna og unglinga með faglegu og framsæknu starfi.

Í samræmi við áherslur sem settar eru fram í skólustefnunni hefur skólanefnd Akureyrarbæjar haft frumkvæði að gerð viðhorfskannana í leik- og grunnskólum bæjarfélagsins. Jafnframt var á skólaárinu 2005–2006 unnið að gerð stefnu- og skorkorts á vegum Akureyrarbæjar þar sem markmið voru sett og viðmið og mælikvarðar mótuð til að meta árangur í rekstri og þjónustu skólanna í bæjarfélaginu. Í stefnukorti skólanefndar 2006 er m.a. að finna eftirfarandi markmið:

- Að starfsumhverfi skólanna sé hvetjandi og bjóði upp á að starfsfólk geti verið ánæggt í starfi.
- Að líðan starfsfólksins í skólunum sé góð.
- Að skólahúsnæði og búnaður uppfylli kröfur um starfsemina á hverjum tíma.
- Að öflug og markviss stoðþjónusta sé fyrir hendi fyrir skólana.
- Að starfsfólk skólanna taki þátt í mótun starfs og stefnu skólanna.
- Markviss kynning ákvarðana og greiður aðgangur foreldra og starfsmanna að upplýsingum til að málsaðilar fái tímanlega skýra mynd af ákvörðunum.

Settar eru fram viðmiðanir um árangur og þá er í skorkorti birtur árangursmælikvarði til að meta hversu vel hafi tekist að ná markmiðum stefnukortsins. Til að meta þjónustu grunnskólanna og viðhorf kennara til starfs og starfsaðstæðna í grunnskólum í bænum ákvað skólanefnd að gera könnun meðal kennara grunnskólanna á Akureyri. Megintilgangur könnunarinnar er að leita svara við eftirfarandi rannsóknarspurningu:

### **Hversu ánægðir eru kennarar með starf grunnskólanna og starfsaðstæður þeirra?**

Til að geta skoðað breytingar á afstöðu kennara var ákveðið að könnunin skyldi verða hliðstæð könnun sem gerð var skólaárið 2003–2004. Í samvinnu skóladeildar og skólaþróunarsviðs kennaradeildar HA var spurningalisti, sem þá var lagður fyrir, endurskoðaður og bætt við nokkrum spurningum sem mikilvægar þóttu til að geta sem best svarað rannsóknarspurningunni (sjá fylgiskjal). Að þessu sinni skyldi þessi könnun einungis lögð fyrir kennara í grunnskólum en í báðum hinum fyrri var spurningalistinn samtímis lagður fyrir annað starfsfólk grunnskólanna og kennara barna í leikskólum.

Til að auðvelda framkvæmdina var notað könnunarforritið Glerverk, sem reynst hefur vel í hliðstæðum könnunum. Glerverk er sérstakt forrit sem býður upp á að geyma spurningalista og þátttakendur geta svarað honum beint inn í forritið. Á þann hátt getur forritið birt samantektarniðurstöður strax að svörun lokinni. Hver skóli sá um sjálfa framkvæmd könnunarinnar hjá sér. Könnunin fór fram í apríl–maí 2006 og var óskað eftir að kennarar og annað starfsfólk svaraði spurningalistanum á tölvunni og var svörunum safnað saman í eina skrá. Í spurningalistanum voru ýmsar bakgrunnsbreytur svo hægt væri að skoða skiptingu svara, þar sem ástæða þætti til,

bæði eftir kyni starfsfólks, starfsaldri og hverjum þeir kenndu. Spurningarnar voru í formi fullyrðinga sem óskað var eftir að kennarar tækju afstöðu til með því að svara hversu sammála þeir væru fullyrðingunni (*mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála eða mjög ósammála*). Jafnframt var spurt nokkurra spurninga sem kennarar voru beðnir að svara með því að merkja við *aldrei, sjaldan eða oft*.

Úrvinnsla könnunarinnar var síðan í höndum skólaþróunarsviðs kennaradeildar Háskólans á Akureyri þar sem beitt var lýsandi aðferðum á tölulegar niðurstöður svara. Úrvinnslan miðaðist við að fá fram heildarniðurstöður fyrir alla skólana á Akureyri.

### 3. Niðurstöður

Í könnuninni tóku þátt 194 kennarar af 269 eða 72,1% af starfandi kennurum við skólana þegar könnunin fór fram. Könnunin verður því að teljast vel marktæk. Í úrvinnslu úr svörum er bæði reynt að draga saman svör við spurningum sem eru efnislega tengdar og einnig eru niðurstöður úr könnuninni bornar saman við fyrri kannanir, þar sem um hliðstæðar spurningar er að ræða.

#### 3.1. Skólinn sem vinnustaður kennara

Fyrsti þátturinn sem sjónum var beint að var skólinn sem vinnustaður. Spurt var sex spurninga sem lutu að þessum þætti. Spurningarnar vorðuðu ánægju með skólann, starfsanda, samskipti og samstarf og traust (Tafla 1).

Tafla 1 - Skólinn sem vinnustaður kennara


	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála
<i>Ánægja með skólann sem vinnustað.</i>	42,8%	52,1%	4,1%	1,0%	0,0%
<i>Góður starfsandi í skólanum.</i>	40,0%	49,2%	8,2%	1,5%	1,0%
<i>Samskipti skólastjóra og starfsfólks í skólanum eru góð.</i>	36,1%	39,2%	18,0%	6,7%	0,0%
<i>Samstarf milli kennara í skólanum er gott.</i>	37,4%	55,9%	4,6%	1,5%	0,5%
<i>Það ríkir traust á milli þín og samstarfsmanna þinna.</i>	53,6%	38,1%	7,2%	0,5%	0,5%
<i>Samskipti í skólanum eru opin og hispurslaus.</i>	20,5%	51,8%	21,5%	5,6%	0,5%
<b>Meðaltal:</b>	38,4%	47,7%	10,6%	2,8%	0,4%

Í töflu 1 kemur fram að 86,1% svarenda eru í heildina mjög eða frekar sammála þeim fullyrðingum sem settar voru fram í þessum þætti spurningalistans. Svör við tveimur fullyrðingum skera sig nokkuð úr, þ.e.a.s. um samskipti skólastjóra og starfsfólks og hvort samskiptin í skólanum séu opin og hispurslaus. Í þessum tilvikum eru 12 (6,1%) og 13 (6,7%) svarendur ósammála þeim fullyrðingum sem settar eru fram. Einnig vekur athygli hér og reyndar víðar í þessari könnun hvað margir segjast hvorki sammála né ósammála.

Í könnun sem gerð var hjá grunnskólakennurum skólaárið 2003–2004 voru 93,1% svarenda ánægðir með skólann sem vinnustað á móti 94,9% í þessari könnun. Hins vegar voru 92,6% svarenda í fyrri könnuninni sem töldu starfsandann í skólanum góðan á móti aðeins 89,2% í þessari könnun. Á sama hátt voru færri í þessari könnun sem voru sammála um að samskipti skólastjóra og kennara væru góð eða 75,3% svarenda nú á móti 85,6% svarenda 2003–2004.

Spurningin um hvort samskipti í skólanum séu opin og hispurslaus var tekin til nánari skoðunar, eins og fram kemur hér á eftir (Mynd 1).






Mynd 1 Opin samskipti - skipting eftir því hvar kennt er

Á mynd 1 kemur fram nokkur afstöðumunur hjá svarendum eftir því hvaða árgöngum þeir kenna. Flestir þeirra sem eru ósammála fullyrðingunum kenna í eldri bekkjunum, en langfæstir í hópi faggreinakennara. Hér sýnir myndin, hvað margir taka ekki afstöðu og merkja við hvorki sammála né ósammála.

Þegar viðhorf kennara til þess hvort samskipti í skólanum eru opin og hispurlaus er skoðað með tilliti til kynja kemur í ljós ákveðinn munur (Mynd 2).



Mynd 2 – Opin samskipti - skipting eftir kynjum

Á mynd 2 má sjá að hlutfallslega fleiri karlar telja samskiptin opin og hispurslaus eða 79,5% á móti 70,3%. Aðeins 2,3% karla eru ósammála en 7,5% kvenna.

### 3.2. Aðbúnaður nemenda og aðstæður

Annar þáttur í viðhorfskönnuninni laut að því að kanna hver væru viðhorf kennara til aðbúnaðar nemenda og aðstæðna. Níu spurningar í spurningalista vörðuðu þennan þátt (Tafla 2).

Tafla 2 - Viðhorf kennara til starfsaðstæðna nemenda í skóla.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála
<b>Skólinn er góður vinnustaður nemenda.</b>	39,2%	56,2%	4,6%	0,0%	0,0%
<b>Mikil áhersla á jákvæð samskipti starfsfólks og nemenda.</b>	46,4%	46,9%	5,2%	1,6%	0,0%
<b>Kennarar skólans axla sameiginlega ábyrgð gagnvart öllum nem.</b>	21,4%	52,6%	17,7%	7,8%	0,5%
<b>Nemendur hafðir í forgrunni við allar ákvarðanir skólans.</b>	16,8%	41,6%	32,1%	8,4%	1,1%
<b>Skólinn leggur mikla áherslu á að starfsfólk sýni nemendum gott fordæmi.</b>	44,3%	44,3%	8,3%	2,6%	0,5%
<b>Líðan nemenda í skólanum er góð.</b>	24,6%	63,9%	10,5%	0,5%	0,5%
<b>Viðhorf nemenda til skólans er jákvætt.</b>	20,9%	64,9%	12,6%	1,6%	0,0%
<b>Námsmetnaður nemenda er mikill.</b>	3,1%	35,6%	42,4%	16,2%	2,6%
<b>Kennarinn þekkir einstaklingsbundnar námsþarfir allra nemenda sinna.</b>	25,8%	53,7%	13,2%	6,8%	0,5%
<b>Meðaltal:</b>	26,9%	51,1%	16,3%	5,1%	0,6%

Þegar niðurstöður í spurningunum níu eru teknar saman kemur fram að 78% eru mjög eða frekar sammála en 5,7% mjög eða frekar ósammála fullyrðingunum. 16,3% kennara lýsir sig hlutlaus eða segist hvorki sammála né ósammála. Almennt virðast kennarar sammála því að skólinn sé góður vinnustaður nemenda, að mikil áhersla sé lögð á jákvæð samskipti starfsfólks og nemenda, að skólinn leggi mikla áherslu á að starfsfólk sýni nemendum gott fordæmi. Þá virðast kennarar almennt þeirrar skoðunar að nemendum líði vel í skólanum og viðhorf þeirra til skólans sé jákvætt þó yfir tíundi hver svarandi segist hvorki sammála né ósammála. Aftur vekur athygli hvað margir svarenda taka ekki afstöðu. Á þetta einkum við um fullyrðingarnar um að nemendur séu hafðir í forgrunni við ákvarðanir innan skólans og um námsmetnað nemenda.

Nokkur afstöðumunur kemur fram hjá kennurum gagnvart einstöku spurningum er varðar aðbúnað nemenda og aðstæður. Síst geta kennarar tekið undir það að námsmetnaður nemenda sé mikill og eftirtekt veur hversu hátt hlutfall svarenda (42%) tekur ekki afstöðu með (sammála) eða á móti (ósammála) fullyrðingunni. Aðeins 39% kennara segist sammála því að námsmetnaður nemenda sé mikill. Þá veur einnig athygli að fast að tíundi hver kennari sem svarar spurningalistanum segist ósammála því að kennarar skólans axli sameiginlega ábyrgð gagnvart öllum nemendum, að nemendur séu hafðir í forgrunni við allar ákvarðanir skólans og kennarinn þekki einstaklingsbundnar námsþarfir allra nemenda sinna. Í öllum þessum þremur spurningum er hlutfall þeirra sem lýsir sig hlutlausa hátt. Flestir taka ekki afstöðu til þess að nemendur séu hafðir í forgrunni við allar ákvarðanir skólans.

### 3.3. Stjórnun og þátttaka kennara

Fimm spurningar í spurningalista fjölluðu um stjórnun skólans og þátttöku kennara í henni (Tafla 3).

Tafla 3 - Stjórnun og þátttaka kennara.


	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála
<i>Tíminn á kennara-/starfsmannafundum er nýttur til að ræða mikilvæg mál er varða skólastarf.</i>	17,9%	44,6%	25,1%	10,8%	1,5%
<i>Kennarar eru virkir þátttakendur í að móta starf og stefnu skólanna.</i>	20,7%	51,3%	22,3%	5,2%	0,5%
<i>Álitamál um stefnu og starf skólanna eru rædd opinskátt.</i>	21,1%	51,0%	23,2%	2,6%	2,1%
<i>Skólastjórnendur veita starfinu markvissa forystu.</i>	22,3%	47,2%	23,8%	4,7%	2,1%
<i>Þekking kennara og reynsla er nýtt við skipulagningu og framkvæmd skólastarfsins.</i>	15,4%	38,5%	35,9%	9,7%	0,5%
<i>Kennarar eiga hlutdeild í mikilvægum ákvörðunum er varða skólastarfið.</i>	11,3%	36,6%	30,9%	18,6%	2,6%
<b>Meðaltal:</b>	18,1%	44,9%	26,9%	8,6%	1,6%

63% svarenda er mjög eða frekar sammála þessum fullyrðingum en 10,2% mjög eða frekar ósammála. 26,9% kennara tekur að jafnaði ekki afstöðu til þessara fullyrðinga. Aðeins 62,5% kennara eru sammála því að tími á kennara- eða starfsmannafundum sé nýttur til að ræða mikilvæg mál er varða skólastarf en rúmlega tíundi hver er ósammála. Líðlega 70% kennara eru sammála því að kennarar séu virkir þátttakendur í að móta starf og stefnu skólanna og svipað hlutfall segir álitamál um stefnu og starf skólanna rædd opinskátt. Hins vegar er fast að fjórðungur kennara sem ekki telur sig geta tekið afstöðu með eða á móti, lýst sig sammála fullyrðingunum eða ósammála. Athygli veur að aðeins tæp 54% kennara segjast sammála því að þekking kennara og reynsla sé nýtt við skipulagningu og framkvæmd skólastarfs og einungis 48% sammála því að kennarar eigi hlutdeild í mikilvægum ákvörðunum er varða

skólastarfið. Í báðum þessum spurningum er það nærfellt þriðji hver kennari sem tekur ekki afstöðu og segist hvorki sammála né ósammála.

Ef fullyrðingin um nýtingu tímans á starfsmannafundum er borin saman við niðurstöður hliðstæðrar fullyrðingar í könnuninni 2003–2004 kemur í ljós að þá voru 76,6% svaranna jákvæð en nú eru aðeins 62,5% sammála. Hafa ber í huga að fjöldi þeirra sem taka ekki afstöðu var þá aðeins 1,6% á móti 18,7% í þessari könnun.

Ef afstaða kennara til þess hvort þeir eigi hlutdeild í mikilvægum ákvörðunum er skoðuð með tilliti til starfsaldurs kemur fram ákveðinn munur á afstöðu (Mynd 3).



Mynd 3 - Hlutdeild í mikilvægum ákvörðunum - skipting eftir starfsaldri

Eins og fram kemur á mynd 3 eru það hlutfallslega nokkru fleiri eldri kennara sem eru mjög eða frekar sammála því að eiga hlutdeild í mikilvægum ákvörðunum, eða 51,4 % á móti 45,2 % meðal yngri kennara. Á myndinni kemur einnig fram að þeir sem skemmri starfsaldur hafa eiga erfiðar með að taka afstöðu með eða á móti

### 3.4. Faglegt starf

Fjórar spurningar í lista lutu að faglegu starfi kennara í skólanum. Almennt virðast kennarar sammála því að kennarar hafi mikinn áhuga á nýjungum og þróun starfshátta og að kennarar í skólunum beiti fjölbreyttum kennsluaðferðum. Það virðist hins vegar ekki endilega gefa til kynna að námsmat sé fjölbreytt í skólunum eða að unnið sé með það til umbóta í skólastarfi. Kennarar virðast ekki hafa á hreinu nauðsynleg tengsl námsmats og kennslu (Tafla 4).

Tafla 4 - Nýjungar og þróun

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála
<i>Kennari hefur mikinn áhuga á nýjungum og þróun starfsháttanna.</i>	42,6%	43,1%	10,8%	3,1%	0,5%
<i>Kennarar í skólanum beita fjölbreyttum kennsluáðferðum.</i>	22,9%	51,0%	22,4%	3,1%	0,5%
<i>Námsmat í skólanum er fjölbreytt.</i>	10,4%	49,2%	33,2%	6,7%	0,5%
<i>Kennarar vinna með niðurstöður námsmats til umbóta í kennslu.</i>	11,1%	44,7%	37,9%	6,3%	0,0%
<b>Meðaltal:</b>	21,7%	47,0%	26,1%	4,8%	0,4%

Í heildina talið eru 68,7% svarenda mjög eða frekar sammála fullyrðingum er varða faglegt starf en aðeins 5,2 % ósammála. Mjög margir eða rúmlega fjórðungur svarenda segja að þeir séu hvorki sammála né ósammála enda þótt hér sé verið að spyrja um kjarnann í starfi kennara. Afstaða kennara til einstakra spurninga er þó nokkuð ólík. Kennarar eru mun frekar sammála þeim spurningum er varða þróun starfshátta (85,7%) og fjölbreyttar kennsluáðferðir (73,9%). Hins vegar segir aðeins 59,6% sig sammála því að námsmat sé fjölbreytt og, 55,8% er sammála því að kennarar vinni með niðurstöður námsmats til umbóta í skólastarfi. Þó að kennarar séu ekki ósammála í miklum mæli þessum fullyrðingum þá er stór hópur sem treystir sér ekki til að taka ákeðna afstöðu til spurninganna. Um og yfir þriðjungur kennara svarar því til í báðum þessum spurningum að hann sé hvorki sammála né ósammála.

### 3.5. Erfið málum í skólunum

Þrjár spurningar í spurningalista lutu að því að leita svara við því hvernig haldið væri á erfiðum eða viðkvæmum málum (Tafla 5).


Tafla 5 - Hvernig haldið er á erfiðum eða viðkvæmum málum.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála
<i>Tekið er á málum af festu í skólunum.</i>	16,4%	47,2%	25,6%	8,7%	2,1%
<i>Í skólunum er sýnd gætni í meðferð trúnaðarupplýsinga.</i>	42,9%	46,1%	9,4%	1,6%	0,0%
<b>Meðaltal:</b>	29,7%	46,7%	17,5%	5,2%	1,1%

Í töflunni má sjá að 74,9% kennara eru mjög eða frekar sammála að vel sé haldið á erfiðum eða viðkvæmum málum í skólunum en 6,3% svarenda ósammála fullyrðingunum. Kennarar eru almennt sammála því að í skólunum sé sýnd gætni í meðferð trúnaðarupplýsinga en 89% segist sammála því að svo sé og aðeins 1,6% ósammála. Tæp 10% tekur ekki afstöðu til fullyrðinganna. Í könnuninni 2003–2004 var einnig spurt um gætni í meðferð trúnaðarupplýsinga og þar var hlutfall jákvæðra

svara 94,6% á móti 89,0% í þessari könnun. En hér þarf enn að hafa í huga að í fyrri könnun voru aðeins 1,1% sem ekki tók afstöðu á móti 9,4% í þessari könnun.

Um það bil tíundi hver kennari telur að ekki sé tekið af nægilega mikilli festu á málum í skólunum en 63,6% kennara er á öndverðri skoðun. Athygli vekur að fjórðungur kennara tekur ekki afstöðu til spurningarinnar. Ef afstaða kennara er skoðuð með tilliti til þess hvar þeir kenna kemur í ljós að það eru frekast kennarar í yngstu bekkjunum sem segjast sammála fullyrðingunni (Mynd 4).



Mynd 4 - Tekið á málum af festu - skipting eftir því hvar kennt er

Á myndinni kemur fram að það eru kennarar í 8.-10. bekk sem síst eru sammála því að tekið sé á málum af festu í skólanum og mun fleiri þeirra en aðrir kennarar lýsa ekki afstöðu sinni.

### 3.6. Vinnuaðstaða kennara

Fjórar spurningar í spurningalista vörðuðu vinnuaðstöðu kennara í skólunum. Á síðastliðnum áratug hefur Akureyrarbær varið miklum fjárhæðum í húsnæði grunnskólanna en af svörum kennara við spurningalista má ráða að þeir hafa ýmislegt við vinnuaðstöðu sína að athuga og þá virðast kennarar feimnir við að gefa bæjarfélaginu kredit fyrir framlag sitt við uppbyggingu skólanna (Tafla 6).


Tafla 6 - Vinnuaðstaða kennara

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála
<i>Húsnæði skólanna henta vel starfsemi þeirra.</i>	19,6%	44,3%	15,5%	14,4%	6,2%
<i>Kennarar eru ánægðir með vinnuaðstöðuna í skólanum.</i>	12,8%	43,1%	13,8%	24,1%	6,2%
<i>Kennarar hafa aðgang að þeim tækjum og búnaði sem þeir þurfa að nota í kennslu.</i>	13,9%	40,2%	18,0%	22,2%	5,7%
<i>Sveitarfélagið leggur mikinn metnað í að byggja upp góðan skóla.</i>	12,6%	20,5%	34,7%	18,9%	13,2%
<i>Starfssvið kennara er skýrt, vel afmarkað og markmið ljós.</i>	23,4%	54,7%	10,4%	8,9%	2,6%
<b>Meðaltal:</b>	16,5%	40,6%	18,5%	17,7%	6,8%

Í töflunni kemur fram að í heild eru 57,1% svarenda ánægðir með vinnuaðstöðuna en 24,5% er ósammála. Athygli vekur að í þessum þætti spurningalistans virðast kennarar sammála um að vera ósammála en í heild eru fast að fjórðungur kennaranna ósammála þeim fullyrðingu sem fram koma í spurningunum fimm og nær fimmtungur þeirra setur sig í hlutlausu girinn og tekur ekki afstöðu. Allar vísa spurningarnar til þess hvað kennurum finnst um þætti er þeir hafa ekki beint vald á, þátta eins og aðbúnaðar, aðstöðu og ákvarðana bæjarfélagsins. Um 64% kennara segist sammála því að húsnæði skólanna henti vel til starfsemi þeirra en tæp 21% segist ósammála. 56% segir sig sammála því að kennarar séu ánægðir með vinnuaðstöðuna í skólanum en liðlega 30% er því ósammála. 54% segir að kennarar hafi aðgang að þeim tækjum og búnaði sem þeir þurfa að nota í kennslu en um 28% er því ósammála. Athyglisvert er að einungis þriðjungur kennara segist sammála því að sveitarfélagið leggi mikinn metnað í að byggja upp góðan skóla, þriðjungur lýsir sig hlutlausu og annar þriðjungur er ósammála. Þegar spurt er út í hversu sammála kennarar séu því að starfssvið kennara sé skýrt, vel afmarkað og markmið þess ljós eru fast að 80% þeirra sammála því að svo sé, aðeins liðlega 10% þeirra eru ósammála.

Ef borin eru saman svör við fullyrðingunni um að sveitarfélagið leggi mikinn metnað í að byggja upp góðan skóla í könnuninni frá 2003–2004, þá kemur í ljós að það eru rúmlega fjórðungi færri sem svara neikvætt í könnuninni núna en var þá (var 57,2% þá en er nú 32,1%). Þrátt fyrir heldur neikvæðan tón kennara til þessa þáttar virðist niðurstaðan að þessu sinni heldur jákvæðari en áður.

Ef skoðuð er afstaða kennara til þess hversu ánægðir þeir eru með vinnuaðstöðuna kemur í ljós ákveðinn munur með tilliti til þess hvar þeir kenna (Mynd 5).




Mynd 5 - Ánægja með vinnuaðstöðu - skipting eftir því hvar kennt er

Af myndinni að dæma eru það einkum kennarar í 5.–7. bekk sem eru óánægðir með vinnuaðstöðu sína (54,3%) en faggreinakennararnir eru ánægðastir (68,1 %).

### 3.7. Endurmenntun kennara

Í spurningalista var leitað eftir viðhorfi kennara til endurmenntunar og hvort endurmenntunarstefna skólans tæki mið af óskum þeirra. Gefnir voru þrjár svarmöguleikar, oft, sjaldan aldrei (Mynd 6).



Mynd 6 - Tækifæri til endur- og símenntunar

Á myndinni sést að rúmur helmingur svarenda telur að næg tækifæri gefist til endur- og símenntunar fyrir kennara en 46% svara að þau gefist sjaldan eða aldrei. Rétt tæpur helmingur svarenda segir að endurmenntunarstefna skólans taki tillit til



óska hans um endur- og símenntun, 43% segja að hún geri það sjaldan en 7,5% svarar að það gerist aldrei.

### 3.8. Innri stuðningur og sjálfsmat skólanna

Þrjár spurningar í spurningalista lutu að innri stuðningi í skólum og sjálfsmati þeirra (Tafla 7).

Tafla 7 - Ráðgjöf og sjálfsmat

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála
<b>Kennari er hvetjandi í samskiptum við samstarfsmenn.</b>	30,6%	50,8%	18,7%	0,0%	0,0%
<b>Kennarar eiga kost á ráðgjöf og stuðningi innan skólans þegar á þarf að halda.</b>	18,6%	43,3%	24,2%	9,8%	4,1%
<b>Vel hefur tekist til við að innleiða aðferðir til sjálfsmats skólans.</b>	6,3%	31,3%	51,6%	10,4%	0,5%
<b>Meðaltal:</b>	18,5%	41,8%	31,5%	6,7%	1,5%

Almennt eru þeir kennarar sem afstöðu taka sammála því að þeir séu hvetjandi í samskiptum við samstarfsmenn sína (81,4%). Enginn er ósammála því að hann sé hvetjandi en tæpur fimmtungur kennara treystir sér ekki til að leggja mat á það. Þessi afstaða er athyglisverð í því sambandi að aðeins um 62% svarenda telur kennara eiga kost á ráðgjöf og stuðningi innan skólans þegar á þarf að halda, liðlega tíundi hver kennari segist ósammála því að þennan stuðning sé að fá og tæpur fjórðungur treystir sér ekki til að kveða upp úr með það.

Liðlega helmingur kennara sem svara spurningalista treystir sér ekki til að segja til um það hvort vel hafi tekist til við að innleiða aðferðir til sjálfsmats skólans, um 11% segjast ósammála því en aðeins 37,6% eru sammála því að þessi innleiðing hafi tekist vel.

### 3.9. Utanaðkomandi þjónusta fyrir skólana

Samkvæmt lögum um grunnskóla ber skólanefnd að sjá til þess að grunnskólar hafi aðgang að sérfræðiþjónustu sem nánar er skilgreind í reglugerð sem menntamálaráðherra hefur sett. Í könnuninni var leitað eftir viðhorfi kennara til þeirrar sérfræðiþjónustu sem skólunum stendur til boða (Tafla 8).

Tafla 8 - Utanaðkomandi þjónusta


	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála
<i>Sérfræðiþjónusta sem skólunum stendur til boða bregst fljótt við óskum um aðstoð eða ráðgjöf.</i>	4,6%	15,5%	42,8%	25,3%	11,9%
<i>Kennarar þekkja hvaða þjónustu er hægt að sækja til skólateymis fjölskyldudeildar.</i>	9,3%	41,2%	33,0%	14,4%	2,1%
<i>Kennarar þekkja hvaða þjónustu er hægt að sækja til skólaþróunarsviðs HA.</i>	5,2%	32,8%	31,3%	26,6%	4,2%
<i>Þjónusta skólateymis fjölskyldudeildar er góð.</i>	3,1%	18,3%	57,1%	14,1%	7,3%
<i>Þjónusta skólaþróunarsviðs kennaradeildar HA er góð.</i>	5,8%	19,6%	69,3%	3,7%	1,6%
<i>Þörf er á meira frumkvæði frá skóladeild og ráðgjafaþjónustu skólanna að nýbreytni og umbótum.</i>	16,8%	33,0%	38,7%	7,9%	3,7%
<b>Meðaltal:</b>	7,5%	26,7%	45,4%	15,3%	5,1%

Af töflunni má ætla að almennt séu kennarar ekki mjög ánægðir með þá sérfræðiþjónustu sem þeim stendur til boða en í heild er það aðeins þriðjungur kennara sem segir sig tiltölulega sáttan við þjónustuna en fimmtungur segist ósáttur. Athyglisvert er að 45,4% eða hátt í helmingur svara við fullyrðingum er lúta að sérfræðiþjónustunni á þann veg að þeir séu hvorki sammála né ósammála fullyrðingunum. Þegar rýnt er í svör við einstaka spurningu kemur í ljós að aðeins fimmtungur kennara segjast sammála því að sérfræðiþjónustan bregðist fljótt við óskum um aðstoð eða ráðgjöf en ríflega þriðjungur kennara er því ósammála. Helmingur kennara segist sammála því að þeir þekki hvaða þjónustu hægt er að sækja til skólateymis fjölskyldudeildar en 16,5% er því ósammála. Ríflega þriðjungur kennara segjast sammála því að þeir viti hvaða þjónustu er hægt að sækja til skólaþróunarsviðs en tæpur þriðjungur er því ósammála. Liðlega fimmtungur kennara er sammála því að þjónusta skólateymis sé góð og sama hlutfall er því ósammála. Fjórðungur kennara er sammála því að þjónusta skólaþróunarsviðs HA sé góð en liðlega 5% kennara er því ósammála. Hér vekur athygli að fast að 70% kennara svarar því til að þeir séu hvorki sammála né ósammála. Helmingur kennara lýsir sig sammála því að þörf sé á meira frumkvæði frá skóladeild og ráðgjafaþjónustu skólanna að nýbreytni og umbótum en liðlega fimmtungur kennara er því ósammála. Umhugsunarvert er hversu stór hluti kennarahópsins sem svarar treystir sér ekki til að segja til um hvort þeir séu sammála fullyrðingunum í spurningunum eða ósammála en þetta hlutfall er allt frá liðlega 30% upp í 70%. Ætla má að ennþá skorti verulega á að kennarar almennt hafi næga þekkingu á þeirri aðstoð sem er í boði, enda sjálfsagt margir sem telja að þeir hafi ekki þurft á neinni slíkri aðstoð að halda.

Ef þessar niðurstöður eru bornar saman við könnunina 2003–2004, kemur í ljós að neikvæðu svörin eru í öllum tilvikum færri í þessari könnun en var í þeirri fyrri.

Þannig eru 16,9% færri sem svara neikvætt þegar spurt er um fljótvrirni þjónustunnar, 22,2% færri sem svara neikvætt þegar spurt er um þjónustu fjölskyldudeildar og 12,4% færri sem svara neikvætt, þegar spurt er um þjónustu skólaþróunarsviðs HA.

Ef svörin eru skoðuð í ljósi þess á hvaða skólastigi kennarar kenna kemur í ljós ákveðinn munur í afstöðu þeirra til þess hversu sérfræðiþjóstun bregst fljótt við óskum um aðstoð (Mynd 7).




Mynd 7 – Sérfræðiþjónusta bregst fljótt við aðstoð - skipting eftir því hvar kennt er

Sjá má á myndinni að það eru kennarar í 1.–7. bekkja sem hafa einna jákvæðasta reynslu af sérfræðiþjónustunni og vliðist ekki mikill munur á afstöðu þeirra til spurningarinnar. Síst eru það kennarar í 8.–10. bekk og faggreinakennarar sem eru sammála því að hún bregðist fljótt við. Þessir kennarar lýsa því einnig flestir að þeir séu hvorki sammála né ósammála og athygli vekur að 46% kennara í 8.–10. bekk er ósammála fullyrðingunni sem í spurningunni felst.

### 3.10. Skólastefna sveitarfélagsins

Í spurningalista var leitað viðhorfs svarenda til skólastefnu bæjarfélagsins og voru kennarar beðnir um að segja hversu sammála eða ósammála þeir væru því að skólastefna sveitarfélagsins sé skýr. Niðurstaða er nokkuð önnur en afstaða kennara til þess að sveitarfélagið leggi mikinn metnað í að byggja upp góðan skóla (Mynd 8).



Mynd 8 - Skýr skólastefna sveitarfélagsins

47,7% svarenda eru sammála því að sveitarfélagið hafi skýra skólastefnu meðan réttur þriðjungur kennara lýsti sig sammála því að sveitarfélagið legði mikinn metnað í að byggja upp góðan skóla. Tæpur fimmtungur kennara er ósammála því að sveitarfélagið hafi skýra skólastefnu og 33,5% er hvorki sammála né ósammála.

Fleiri kennarar virðast sammála því nú að sveitarfélagið hafi skýra skólastefnu en voru þeirrar skoðunar í könnuninni 2003–2004. Þá sögðustr 36,9% sammála fullyrðingunni en 52,4% voru henni ósammála, þannig að viðhorfin virðast heldur til jákvæðrar áttar.

### 3.11. Tengsl við foreldra

Fjórar spurningar lutu að samstarfi við foreldra. Kennarar voru spurðir hversu sammála þeir væru því að foreldrar sýndu samstarfi við skólann áhuga, að samstarfið við þá væri ánægjulegt, að kennarar vidlu sjá meiri þátttöku þeirra í skólastarfinu og að aukin þátttaka þeirra myndi hraða umbótum í grunnskólum (Tafla 9).


Tafla 9 - Tengsl við foreldra

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála
<b>Foreldrar sýna samstarfi við skólann áhuga.</b>	12,0%	48,2%	26,2%	12,6%	1,0%
<b>Samstarfið við foreldra er ánægjulegt.</b>	27,2%	50,8%	19,9%	2,1%	0,0%
<b>Kennarar vilja sjá meiri þátttöku foreldra í skólastarfinu.</b>	28,1%	40,1%	24,0%	5,2%	2,6%
<b>Aukin þátttaka foreldra í skólastarfi myndi hraða umbótum í grunnskólum.</b>	31,4%	31,9%	25,1%	7,9%	3,7%
<b>Meðaltal:</b>	24,7%	42,7%	23,8%	6,9%	1,8%

Ef reiknuð er út heildarafstaða kennara til spurninganna fjögurra kemur í ljós að 67,4% svara fullyrðingunum jákvætt en 8,7% svara neikvætt. Athygli vekur að tæp 14% kennara eru ósammála því að foreldrar sýni samstarfi við skólann áhuga og 26% segjast hvorki sammála fullyrðingunni né ósammála. Þá er liðlega tíundi hver kennari ósammála því að aukin þátttaka foreldra í skólastarfi myndi hraða umbótum í grunnskólum og fjórðungur svarenda segist hvorki sammála né ósammála. 68% kennara eru sammála því að kennarar vilja sjá meiri þátttöku foreldra í skólastarfinu og aðeins 8% ósammála. 63% kennara eru sammála því að aukin þátttaka foreldra í skólastarfi myndi hraða umbótum í grunnskólum en 11% ósammála. Í þessum þætti er eins og áður hlutfall þeirra sem óráðnir eru býsna hátt eða um fjórðungur kennara.

Í könnun hjá foreldrum á skólaárinu 2005–2006 kom fram að nokkru hærri hlutfall foreldra er sammála hliðstæðum spurningum, eða 76,2% þeirra, en 13,7% ósammála. Hins vegar voru mun færri í foreldrakönnuninni, sem ekki tóku afgerandi afstöðu eða 10,1%.


Ef svör kennara við spurningum um áhuga foreldra er skoðuð eftir því á hvaða skólástigi þeir kenna kemur í ljós nokkur munur (Mynd 9).



Mynd 9 – Foreldrar sýna samstarfi áhuga - skipting eftir því hvar kennt er

Glöggst má sjá að lang flestir kennara í 1.–4. bekk telja að foreldrar sýni samstarfi við skólann áhuga eða 71,2% á móti aðeins 49% í 8.–10. bekk. Þá eru mun fleiri kennarar með 10 ára starfsaldur eða meira ósammála fullyrðingunni eða 15% á móti 7%.


Svipuð niðurstaða fæst þegar kennarar eru spurðir um hversu sammála þeir séu því að samstarfið við foreldra sé ánægjulegt (Mynd 10).



**Mynd 10 - Ánægjulegt samstarf við foreldra - skipting eftir því hvar kennt er**

88% kennara í 1.-4. bekk segjast sammála því að samstarfi við foreldra sé ánægjulegt. Almennt segjast kennarar ekki vera ósammála þessu, helst að þeir finnist meðal kennara í 8.-10. bekk. Hins vegar eru um fjórðungur kennara í 5.-10. bekk auk faggreinakennara sem segjast hvorki sammála né ósammála fullyrðingunni.


Almennt virðast kennarar yngstu barnanna jákvæðir gagnvart samstarfi við foreldra og jákvæðari en kennarar á öðrum skólastigum eða faggreinakennarar (Mynd 11).



**Mynd 11 - Vilja meiri þátttöku foreldra - skipting eftir því hvar kennt er**

76% kennara yngstu barnanna eru sammála því að kennarar vilja sjá meiri þátttöku foreldranna í skólastarfvinu og mun færri þeirra eru hvorki sammála né ósammála fullyrðingunni en aðrir kennarar. Helst er að sjá að faggreinakennarar séu sömu skoðunar og kennarar yngstu barna en nær 72% þeirra eru sammála. Síst eru það kennarar 8.–10. bekkjar sem eru sammála spurningunni þó meirihluti þeirra segist sammála því að vilja sjá meiri þátttöku foreldra eða 55%.

Svör við spurningin um það hversu sammála kennarar væru því að aukin þátttaka foreldra myndi hraða umbótum voru greind eftir starfsaldri. Þá kemur í ljós að þeir sem eru með minna en 10 ára starfstíma eru frekar sammála því að þátttaka foreldra myndi hraða umbótum en þeir sem lengri starfstíma hafa (Mynd 12).



Mynd 12 - Hraðari umbætur með aukinni þátttöku foreldra - skipting eftir starfsaldri

Þó að munur sé á fjölda þeirra sem sammála eru sé ekki mikill eða 70% á móti 58,5% þá eru kennarar með 10 ára starfsreynslu eða meira mun frekar ósammála en þeir sem skemmri starfstíma hafa.

### 3.12. Kennsluhættir

Í spurningalista var spurt nokkurra spurninga er vörðuðu kennsluhætti í skólunum. Þessar spurningar vörðuðu undirbúning kennara fyrir kennslu, samskipti kennara við nemendur, starfskunnáttu kennara og stundvísi Tafla 10).

Tafla 10 - Aðkoma að kennslunni

	<i>Mjög sammála</i>	<i>Frekar sammála</i>	<i>Hvorki né.</i>	<i>Frekar ósammála</i>	<i>Mjög ósammála</i>
<i>Kennarar eru alltaf vel undirbúnir fyrir kennslu.</i>	35,8%	56,0%	6,7%	1,0%	0,5%
<i>Kennarar sinna nemendum sínum vel.</i>	42,2%	55,7%	2,1%	0,0%	0,0%
<i>Kennarar hlusta á nemendur og taka tillit til aðstæðna þeirra.</i>	50,5%	48,4%	1,0%	0,0%	0,0%
<i>Allt skólastarf snýst um árangur og velferð nemendanna.</i>	51,6%	41,1%	5,7%	1,6%	0,0%
<i>Starfskunnátta kennara er góð.</i>	43,2%	51,1%	5,8%	0,0%	0,0%
<i>Kennararnir bera ábyrgð á að kennslan taki mið af áhuga, þroska og getu nemenda.</i>	56,0%	38,9%	5,2%	0,0%	0,0%
<i>Kennarar eru stundvísir.</i>	83,9%	15,5%	0,5%	0,0%	0,0%
<b>Meðaltal:</b>	51,9%	43,8%	3,9%	0,4%	0,1%

Í töflu 10 kemur glöggt fram að kennarar eru nokkuð sammála því að almennt standi kennarar vel að sinni kennslu, enda 95,7% þeirra sem segjast mjög eða frekar sammála fullyrðingunum sem í spurningunum felast og raunar aðeins 0,5% eru ósammála. Fáar spurningar skera sig úr 92% kennara segjast sammála því að kennarar séu alltaf vel undirbúnir fyrir kennslu, 98% að kennarar sinni nemendum sínum vel, 99% að kennarar hluti á nemendur og taki tillit til aðstæðna þeirra, 93% að allt skólastarf snúist um árangur og velferð nemenda, 94% að starfskunnátta kennara sé góð 95% að kennarar beri ábyrgð á að kennslan taki mið af áhuga, þroska og getu nemenda og 99% að kennarar séu stundvísir.

### 3.13. Einelti hjá kennurum

Að ósk starfsmannastjóra Akureyrarbæjar var spurt nokkurra spurninga er vörðuðu líðan kennara í starfi. Spurt var um hvort kennarar teldu sig verða fyrir einelti í starfi af hálfu samkennara, stjórnenda eða foreldris og hvort þeir hefðu orðið fyrir kynferðislegri áreitni. Þá var spurt um tilfinningalega líðan þeirra og jafnframt hvort þeir teldu sig fá hrós frá stjórnendum samkennurum eða foreldrum. Afstaða kennara til spurninga er vörðuðu einelti gefur til kynna að það sé mjög sjaldgæft þó niðurstöður bendi til að þess vissulega gæti. Engin skilgreining var gefin um einelti og því kann að vera að meðal svarenda geti verið um ólíka túlkun á því hvað einelti er (Tafla 11).



**Tafla 11 - Einelti hjá kennurum**

	<b>Aldrei</b>	<b>Sjaldan</b>	<b>Oft</b>
<b>Einelti innan skólans af hálfu samkennara.</b>	86,4%	13,1%	0,5%
<b>Einelti innan skólans af hálfu stjórnenda.</b>	96,9%	2,6%	0,5%
<b>Einelti af hálfu foreldris.</b>	92,7%	6,8%	0,5%
<b>Orðið fyrir kynferðislegri áreitni innan skólans af hálfu samstarfsmanna.</b>	97,9%	1,6%	0,5%
<b>Meðaltal:</b>	93,5%	6,0%	0,5%

Í töflu 11 má sjá að 13% kennara töldu sig hafa orðið fyrir einelti af hálfu samkennara en þó sjaldan. 6,8% kennara svöruðu því til að þeir hefðu orðið fyrir einelti af hálfu foreldris en þó sjaldan og 2,6% af hálfu stjórnenda. Almennt virðast kennarar ekki þeirrar skoðunar að þeir verði fyrir kynferðislegri áreitni í skólunum en 1,6% svara því til að það hafi gerst en þó sjaldan og 0,5% segir oft.


Leitað var upplýsinga um tilfinningalega líðan kennara í spurningalista (Tafla 12).

**Tafla 12 - Kulnun í starfi**

	<b>Aldrei</b>	<b>Sjaldan</b>	<b>Oft</b>
<b>Finnur þú fyrir tilfinningalegum tótleika vegna vinnu þinnar ?</b>	39,6%	46,9%	13,5%
<b>Hefur þér fundist þú vera magnþrota þegar þú vaknar á morgnana?</b>	42,2%	45,3%	12,5%
<b>Hefur þú fundið til vanmáttarkenndar í starfi þínu?</b>	18,2%	65,6%	16,1%
<b>Hugleiddir þú á síðasta ári að skipta um starf eða starfsvettvang?</b>	29,8%	43,5%	26,7%
<b>Meðaltal:</b>	32,5%	50,3%	17,2%

Af svörum við spurningunum í töflu 12 er ljóst að kennarastarfið reynir mikið á marga svarendur, þar sem 17,2% hafa oft fundið fyrir þeim kenndum sem spurt er um. Um 50% kennara segjast hafa lent í einhverjum tilfinningalegum vanda gagnvart starfi sínu og 17,2% segja að það hafi oft gerst. Algengast er að kennarar hafi einhvern tíma fundið til vanmáttarkenndar í starfi sínu (67%) og 16% segja það oft gerast. Þá segja 46,9% kennara sig hafa fundið fyrir tilfinningalegum tótleika vegna vinnu sinnar og 13,5% segja það oft hafa gerst. 27% kennara segjast oft hafa hugleitt á síðasta ári að skipta um starf eða starfsvettvang.

Leitað var eftir því hvort kennarar teldu sig fá hrós frá stjórnendum, samkennurum eða foreldrum (Mynd 13).



**Mynd 13 - Hrós til kennara**

Á myndinni kemur fram að kennarar telja sig fá hrós í starfi þó í mismiklum mæli sé. Helst fá kennarar hrós frá skólastjórum og segir um 97% kennara sig fá hrós frá þeim oft eða sjaldan. Þá virðast samkennarar einnig duglegir við að hrósa hver öðrum því 93% svarenda segir sig fá hrós frá samkennurum oft eða sjaldan. Síst fá kennarar hrós frá foreldrum þó 89% svarenda segi sig fá hrós frá þeim oft eða sjaldan.

## 4. Samantekt og umræða

Í þessari könnun er leitast við að svara eftirfarandi meginspurningu:

*„Hversu ánægðir eru kennarar með starf grunnskólanna og starfsaðstæður þeirra“?*

Í heild benda niðurstöður til að almennt virðast svarendur nokkuð ánægðir bæði með starfseminu í skólunum og þá aðstöðu sem skólarnir bjóða upp á. Þannig er t.d. mat svarenda á aðkomu kennara að kennslunni nánast samróma (95,7%) um að hún sé mjög eða frekar góð. Einnig kemur fram í svörunum að flestallir telja skólana góða vinnustaði (aðeins 3,2% svara eru neikvæð).

Í flestum tilvikum eru viðhorf svarenda til nemenda skólanna og samskiptanna við þá jákvæð, þó að einnig komi fram efasemdir hjá sumum þeirra um námsmetnað nemendanna. Þá sýna niðurstöðurnar einnig verulegan áhuga á nýjungum og þróun í skólafarfinu, þó að fjöldi þeirra sem ekki taka afstöðu skekki myndina þar nokkuð.

Þegar skoðuð eru svör við spurningum um þátttöku kennara í mótun á starfi skólanna kemur í ljós að nokkur hluti svarenda (12,4%) telur kennara ekki eiga hlutdeild í mikilvægum ákvörðunum um starfsemi þeirra. Ekki virðist marktækur munur á viðhorfum svarenda eftir starfsaldri þeirra. Það er því væntanlega tilefni fyrir stjórnendur skólanna að velta fyrir sér enn frekar hvernig þekking og reynsla kennaranna verði best nýtt við skipulagningu og framkvæmd á starfsemi skólanna.

Þó að meirihluti svarenda sé nokkuð ánægður með vinnuaðstöðuna í skólunum þá er samt um fjórðungur svarenda sem telur hana ekki ásættanlega og að auki nálega fimmti hver sem ekki tekur afstöðu. En í heild eru niðurstöðurnar jákvæðari en í fyrri könnununum, enda ýmislegt verið gert á síðustu árum til að bæta bæði húsnæði og búnað.

Þegar svörin við spurningum um ráðgjöf og utanaðkomandi þjónustu eru skoðuð þá kemur í ljós að svarendur eru nokkuð sáttir við endur- og símenntunarframboð fyrir kennara og einnig er greinilegur meirihluti sem telur sig eiga kost á ráðgjöf og stuðningi innan skólanna. Hvað varðar hins vegar utanaðkomandi þjónustu við skólana þá benda niðurstöðurnar til að mjög margir hafi óljósa hugmynd um hvaða þjónusta er í boði. Þessi niðurstaða getur skýrst af því að ekki hefur tekist að kynna stoðþjónustu skólanna nægilega vel kennurum eða þá að kennarar hafa aðrar væntingar til þeirrar þjónustu en henni er fært að veita. Þá má einnig búast við að kennarar sem ekki telja sig hafa þurft á þjónustunni að halda hafi nokkuð hlutlausa afstöðu í svari sínu.

Við athugun á spurningum um samstarf við foreldra þá er mikill meirihluti svaranna jákvæð þó að hjá sumum, einkum þeim sem kenna eldri árgöngunum, komi fram efasemdir um hve mikil jákvæð áhrif samstarfið við foreldrana hafi á skólafarfið.

Í þessari könnun eru nokkrar spurningar um einelti og kulnun í starfi hjá kennurum. Þar kemur fram að einelti meðal kennara sé mjög sjaldgæft, þó að greinilega séu samt einangruð dæmi um slíkt. Hins vegar kemur nokkuð skýrt fram að verulegur hluti kennaranna, eða rúm 17%, hafa fundið til einkenna sem geta leitt til kulnunar í starfi. Niðurstöður úr svörum kennara við spurningum um tilfinningalega líðan þeirra er að miklu leyti í samræmi við niðurstöður úr rannsókn Önnu Þóru Baldursdóttur og Valgerðar Magnúsdóttur á tilfinningalegri líðan kennara og gerð var

2005.<sup>1</sup> Aðeins í þeirri spurningu er lýtur að því hvort kennarar hafi fundið til vanmáttarkenndar í starfi er um að ræða nokkurt frávík milli kannana. Í könnun Önnu Þóru og Valgerðar svara mun fleiri kennarar því að þeir hafi aldrei fundið til vanmáttarkenndar í starfi sínu en jafnframt svara mun fleiri því að þeir hafi oft fundið til hennar. Þessar niðurstöður hljóta að vera skólastjórnendum áhyggjuefni og þarfnast sérstakrar skoðunar.

#### **4.1. Samanburður við fyrri viðhorfskönnun**

Í könnun sem gerð var hjá grunnskólakennurum skólaárið 2003–2004 voru 93,1% svarenda ánægðir með skólann sem vinnustað á móti 94,9% í þessari könnun. Hins vegar voru 92,6% svarenda í fyrri könnuninni sem töldu starfsandann í skólanum góðan á móti aðeins 89,2% í þessari könnun. Á sama hátt voru færri í þessari könnun sem voru sammála um að samskipti skólastjóra og kennara væru góð eða 75,3% svarenda nú á móti 85,6% svarenda 2003–2004.

Í könnuninni 2003–2004 voru 91,4% svarenda mjög eða frekar sammála því að skólinn leggi mikla áherslu á gott fordæmi starfsfólks fyrir nemendum. Í þessari könnun sést hinsvegar að þeim hefur fækkað örlítið sem svara þessari fullyrðingu jákvætt eða í 88,6%.

Þegar skoðaðar eru niðurstöður við fullyrðingunni um jákvæð samskipti starfsfólks og nemenda nú, þá er ekki munur frá svörum 2003–2004 (93,7% jákvæðir þá, 93,3% jákvæðir nú).

Ef fullyrðing um nýtingu tímans á starfsmannafundum er borin saman við niðurstöður úr hliðstæðri fullyrðingu í könnuninni 2003–2004 kemur í ljós að þá voru 76,6% svaranna jákvæð en nú aðeins 62,5%. En hafa ber í huga að fjöldi þeirra sem taka ekki afstöðu var þá aðeins 1,6% á móti 18,7% í þessari könnun.

Við samanburð við könnunina 2003–2004 kemur í ljós að kennarar eru nú mun síður sammála því að þeir séu virkir þátttakendur í stefnumótun, að þekking þeirra og reynsla sé nýtt og þeir séu aðilar að mikilvægum ákvörðunum. Hér skekkir enn og aftur myndina verulega hvað margir taka ekki afgerandi afstöðu. Það má því segja að samanburðurinn milli ára sé tæpast marktækur. Ef borin eru saman á hliðstæðan hátt eingöngu svör þeirra sem taka afstöðu, þá kemur í ljós að jákvæðum svörum, þ.e.a.s. þeim sem merkja við mjög eða frekar sammála, hefur í raun fjölgað frá fyrri könnun um 10,8% varðandi virkni í stefnumótun, 8,3% varðandi nýtingu á þekkingu og reynslu og 7,4% varðandi hlutdeild í mikilvægum ákvörðunum.

Varðandi fullyrðinguna um að sveitarfélagið leggi mikinn metnað í að byggja upp góðan skóla, þá kemur í ljós að það eru rúmlega fjórðungi færri sem svara neikvætt í könnuninni núna en í könnuninni frá 2003–2004. Þegar spurt er um skólastefnu sveitarfélagsins kemur fram að 47,7% svarenda eru sammála því að það hafi skýra skólastefnu, en ekki nema 18,9% sem eru því ósammála. Í könnuninni 2003–2004 voru þessar tölur 36,9% sem voru sammála en 52,4% sem voru ósammála, þannig að hér hafa viðhorfin orðið mun jákvæðari en áður var.

---

<sup>1</sup> Anna Þóra Baldursdóttir og Valgerður Magnúsdóttir. (óbirt rannsókn) Líðan kennara í starfi – Vinnugleði eða kulnun.

## 4.2. Að taka afstöðu

Það vekur athygli í þessari könnun hversu oft svarendur merkja við „hvorki né“ og taka því ekki afgerandi afstöðu til viðkomandi fullyrðinga. Þannig er t.d. hátt í helmingur svara við fullyrðingum um utanaðkomandi þjónustu við skólana sem eru hvorki sammála né ósammála þeim. Það má væntanlega skýra að hluta með því að ennþá skorti verulega á að kennarar almennt hafi næga þekkingu á þeirri aðstoð sem er í boði, enda sjálfsagt margir sem telja að þeir hafi ekki þurft á neinni slíkri aðstoð að halda.

Það er hins vegar erfiðara að átta sig á ástæðum þess að um og yfir þriðjungur svarenda telur sig ekki geta tekið afgerandi afstöðu til þess hvort námsmat í skólunum sé fjölbreytt eða hvort kennarar vinni með niðurstöður námsmats til umbóta í sinni kennslu. Athyglisvert er einnig að þegar spurningar vísa að kennurum sjálfum eru kennarar almennt mjög jákvæðir og engin óvissa í gangi en þegar spurningarnar vísa til annarra þá er mun algengara að viðhorfið sé að eitthvað hafi brugðist af viðkomanda hálfu. Afstaða sem ekki þarf að vera óeðlileg af hálfu starfsmanna sem gegna mjög krefjandi og margbrotnu starfi.

Ef til vill er ástæða til að kanna nánar hvers vegna kennararnir eru svo tregir til að taka afgerandi afstöðu í ýmsum málum. Leita mætti svara við spurningum eins og:

- Er fagleg umræða í skólunum það lítil, að kennurunum gefist ekki nægir möguleikar til að móta skoðanir sínar á ýmsum þáttum sem varða starfsemi skólanna?
- Er þekking svarenda á sumum sviðum sem spurt er um það takmörkuð, að þeir telji sig ekki hafa forsendur til að taka afgerandi afstöðu?
- Leggja svarendur annan skilning í orðalagið, þegar annars vegar er gefinn svarmöguleikinn „hvorki sammála né ósammála“ og hins vegar svarmöguleikinn „veit ekki“?
- Skiptir máli hvort þessir svarmöguleikar eru staðsettir í miðju eða aftast ?
- Er um að ræða tregðu hjá þessu fagfólki, til að svara afgerandi spurningum sem skiptar skoðanir eru um?

## 5. Fylgiskjal

# Spurningalisti kennara og leiðbeinenda grunnskóla

**Vinsamlegast merktu við eftirfarandi:**

Sá sem svarar:  karl  kona

Starfsaldur:  minni en 10 ár  10 ár eða meiri

Ég kenni við:  Brekkuskóla  Glerárskóla  Oddeyrarskóla  Lundarskóla  Síðuskóla  Giljaskóla  Hlíðarskóla  Grunnskóla Hríseyjar

Ég kenni mest:  1. – 4. bekk  5. – 7. bekk  8. – 10. bekk  sérgreinar þvert á stig.

**Vinsamlegast svaraðu eftirfarandi spurningum með því að merkja við hvort þú ert mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála eða mjög ósammála. Ef þú vilt koma á framfæri athugasemdum má skrifa í reitinn aftan við spurninguna.**

Nr.		Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Dálkur fyrir athugasemdir.
1.	Hversu sammála ertu því að þú sért ánægð(ur) með skólann sem vinnustað þinn?						
2.	Hversu sammála ertu því að skólinn þinn sé góður vinnustaður nemenda?						

Spurningalisti kennara og leiðbeinenda í grunnskólum

3.	Hversu sammála ertu því að starfsandinn í skólanum sé góður?						
4.	Hversu sammála ertu því að samskipti skólastjóra og starfsfólks í skólanum séu góð?						
5.	Hversu sammála ertu því að þú sért hvetjandi í samskiptum við samstarfsmenn?						
6.	Hversu sammála ertu því að samstarf milli kennara í þínum skóla sé gott?						
7.	Hversu sammála ertu því að traust ríki á milli þín og samstarfsmanna þinna?						
8.	Hversu sammála ertu því að samskipti í skólanum séu opin og hispurslaus?						
9.	Hversu sammála ertu því að þú hafir mikinn áhuga á nýjungum og þróun starfshátta?						
10.	Hversu sammála ertu því að þú sért virkur þátttakandi í að móta starf og stefnu skólans?						
11.	Hversu sammála ertu því að þekking þín og reynsla sé nýtt við skipulagningu og framkvæmd skólastarfs?						
12.	Hversu sammála ertu því að þú eigir hlutdeild í mikilvægum ákvörðunum er varða skólastarfið?						
13.	Hversu sammála ertu því að tími á kennara- og/eða starfsmannafundum sé einkum nýttur til að ræða mikilvæg mál er varða skólastarf?						
14.	Hve sammála ertu því að skólastjórnendur í þínum skóla veiti starfinu markvissa forystu?						



Spurningalisti kennara og leiðbeinenda í grunnskólum

15.	Hversu sammála ertu því að tekið sé á málum af festu í þínum skóla?						
16.	Hversu sammála ertu því að álitamál um stefnu og starf skólans séu rædd opinskátt?						
17.	Hversu sammála ertu því að húsnaði skólans henti vel starfsemi hans?						
18.	Hversu sammála ertu því að þú sért ánægð(ur) með vinnuaðstöðuna í skólanum?						
19.	Hversu sammála ertu því að þú hafir aðgang að þeim tækjum og búnaði sem þú þarft að nota í kennslu?						
20.	Hversu sammála ertu því að þú eigir kost á ráðgjöf og stuðningi innan skólans þegar þú þarft á að halda?						
21.	Hversu sammála ertu því að vel hafi tekist til við að innleiða aðferðir til sjálfsmats skólans?						
22.	Hversu sammála ertu því að sérfræðiþjónusta sem skólunum stendur til boða bregðist fljótt við óskum um aðstoð eða ráðgjöf.						
23.	Hversu sammála ertu því að kennarar þekki hvaða þjónustu hægt er að sækja til skólateymis fjölskyldueildar?						
24.	Hversu sammála ertu því að kennarar þekki hvaða þjónustu hægt er að sækja til skólaþróunarsviðs HA?						
25.	Hversu sammála ertu því að þjónusta skólateymis fjölskyldueildar sé góð?						
26.	Hversu sammála ertu því að þjónusta skólaþróunarsviðs kennaradeildar HA sé góð?						

Spurningalisti kennara og leiðbeinenda í grunnskólum

27.	Hversu sammála ertu því að þörf sé á meira frumkvæði frá skóladeild og ráðgjafafjónustu skólanna að nýbreytni og umbótum?						
28.	Hversu sammála ertu því að sveitarfélagið leggi mikinn metnað í að byggja upp góðan skóla?						
29.	Hversu sammála ertu því að sveitarfélagið hafi skýra skólastefnu?						
30.	Hversu sammála ertu því að í skólanum þínum sé sýnd gætni í meðferð trúnaðarupplýsinga?						
31.	Hversu sammála ertu því að skólinn leggi mikla áherslu á jákvæð samskipti starfsfólks skóla og nemenda?						
32.	Hversu sammála ertu því að kennarar skólans axli sameiginlega ábyrgð gagnvart öllum nemendum.						
33.	Hversu sammála ertu því að nemendur séu hafðir í forgrunni við allar ákvarðanir skólans?						
34.	Hversu sammála ertu því að skólinn leggi mikla áherslu á að starfsfólk sýni nemendum gott fordæmi?						
35.	Hversu sammála ertu því að líðan nemenda í þínum skóla sé góð?						
36.	Hversu sammála ertu því að viðhorf nemenda til skólans sé jákvætt?						
37.	Hversu sammála ertu því að kennarar í þínum skóla beiti fjölbreyttum kennsluaðferðum?						
38.	Hversu sammála ertu því að námsmat í þínum skóla sé fjölbreytt?						

Spurningalisti kennara og leiðbeinenda í grunnskólum

39.	Hversu sammála ertu því að kennarar í þínum skóla vinni með niðurstöður námsmats til umbóta í kennslu?						
40.	Hversu sammála ertu því að námsmetnaður nemenda sé mikill?						
41.	Hversu sammála ertu því að þú þekkir einstaklingsbundnar námsþarfir allra nemenda þinna?						
42.	Hversu sammála ertu því að foreldrar sýni samstarfi við skólann áhuga?						
43.	Hversu sammála ertu því að samstarfið við foreldra sé ánægjulegt?						
44.	Hversu sammála ertu því að þú vildir sjá meiri þátttöku foreldra í skólastarfinu?						
45.	Hversu sammála ertu því að aukin þátttaka foreldra í skólastarfi myndi hraða umbótum í grunnskólum?						
46.	Hversu sammála ertu því að starfssvið þitt sé skýrt, vel afmarkað og markmið ljós?						
47.	Hversu sammála ertu því að þú sért alltaf vel undirbúin(n) fyrir kennslu?						
48.	Hversu sammála ertu því að þú sinnir nemendum þínum vel?						
49.	Hversu sammála ertu því að þú hlustir á nemendur og takir tillit til aðstæðna þeirra?						
50.	Hversu sammála ertu því að allt skólastarf snúist um árangur og velferð nemenda þinna?						
51.	Hversu sammála ertu því að starfskunnátta þín sé góð?						

Spurningalisti kennara og leiðbeinenda í grunnskólum

52.	Hversu sammála ertu því að þú berir ábyrgð á að kennsla þín taki mið af áhuga, þroska og getu nemenda?						
53.	Hversu sammála ertu því að þú sért stundvís?						

**Vinsamlegast svaraðu eftirfarandi spurningum með: Hefur aldrei komið fyrir/ Hefur sjaldan komið fyrir eða/ Hefur oft komið fyrir. Ef þú vilt koma á framfæri athugasemdum má skrifa í reitinn aftan við spurninguna.**

		Hefur aldrei komið fyrir	Hefur sjaldan komið fyrir	Hefur oft komið fyrir	Dálkur fyrir athugasemdir.
54.	Hefur þú orðið fyrir einelti innan skólans af hálfu samkennara á síðasta ári?				
55.	Hefur þú orðið fyrir einelti innan skólans af hálfu stjórnenda á síðasta ári?				
56.	Hefur þú orðið fyrir einelti af hálfu foreldris á síðasta ári?				
57.	Hefur þú orðið fyrir kynferðislegri áreitni innan skólans af hálfu samstarfsmanna á síðasta ári?				
58.	Færð þú hrós fyrir vel unnin störf frá stjórnendum þegar þér finnst þú eiga það skilið?				
59.	Færð þú hrós fyrir vel unnin störf frá samkennurum þegar þér finnst þú eiga það skilið?				

Spurningalisti kennara og leiðbeinenda í grunnskólum

60.	Færð þú hrós fyrir vel unnin störf frá foreldrum þegar þér finnst þú eiga það skilið?				
61.	Finnur þú fyrir tilfinningalegum tótleika vegna vinnu þinnar?				
62.	Hefur þér fundist þú vera magnþrota þegar þú vaknar á morgnana og horfist í augu við enn einn vinnudaginn?				
63.	Hefur þú fundið til vanmáttarkenndar í starfi þínu?				
64.	Hugleiddir þú á síðasta ári að skipta um starf eða starfsvettvang?				
65.	Finnst þér þú hafa næg tækifæri til endur- og símenntunar?				
66.	Tekur endurmenntunarstefna skólans tillit til óska þinna um endur- og símenntun?				